

IV. KAFLI

9. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heyþurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

10. gr.

Öll gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveita Dalvíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 250.00 í hvert skipti.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Dalvíkur skal hvenær sem er frjálss aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 11. desember 1970.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

G J A L D S K R Á

Hitaveitu Húsavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Húsavíkur selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Húsavík og Reykjahreppi eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð staðfestri 25. maí 1970 um hitaveitu og hitalagnir í Húsavík.

2. gr.

Hitaveita Húsavíkur lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni, hluta úr ári.

II. KAFLI**4. gr.**

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a. Fastagjald, kr. 200 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b. Vatnsgjald, kr. 327.00 á mánuði fyrir hvern mínútulíttra í hámarksstillingu hemils. Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Vilji notandi fá meira rennsli í kranavatnslögn en er á miðstöðvarkerfi getur hann fengið sérskammtara á kranavatnslögn hjá hitaveitunni. Kranavatnsskammtarar í sambandi við aðalhemil eru af 4 gerðum og gefa þeir eftirfarandi rennslis-
hlutföll milli miðstöðvarkerfis og kranavatnslagnar:

A	1.00/1.0
B	0.95/1.3
C	0.90/1.7
D	0.85/2.8

Vatnsskammtur notanda (gjaldskammtur) er í þessum tilvikum reiknaður 1.0.

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til innheimtumanns eða í Landsbanka Íslands í Húsavík. Gjaldalagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 7 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI**7. gr.**

Heimæðagjald Hitaveitu Húsavíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

- a. Fyrir hús, sem hafa olíu-, kola- eða rafmagnskynditæki fyrir 1. október 1970.
 - Hús allt að 300 m³ að utanmáli kr. 23 000.00.
 - Hús 300—2000 m³ að utanmáli kr. 23 000.00 fyrir 300 m³ og 25 kr. á hvern rúm-
metra þar yfir.
 - Hús stærri en 2000 m³ að utanmáli kr. 65 500.00 fyrir 2000 m³ og 20 kr. á hvern
rúmmetra þar yfir.
- b. Fyrir önnur hús.
 - Hús allt að 300 m³ að utanmáli kr. 33 000.00.
 - Hús 300—2000 m³ að utanmáli kr. 33 000.00 fyrir 300 m³ og 30 kr. á hvern rúm-
rúmmetra þar yfir.
 - Hús stærri en 2000 m³ að utanmáli kr. 84 000.00 fyrir 2000 m³ og 25 kr. á hvern
rúmmetra þar yfir.

Stofngjald fyrir hvern aðalrennslisshemil umfram einn á sama inntaki er kr. 3500.00.

8. gr.

Gjöld skv. 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 480 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breya þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

IV. KAFLI

9. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heypurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

10. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveita Húsavíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 250.00 í hvert skipti.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Húsavíkur skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirætlun hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. desember 1970.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

S A M Þ Y K K T

um Heilbrigðismálaráð Reykjavíkurborgar.

1. gr.

Heilbrigðismálaráð Reykjavíkurborgar fer með stjórn heilbrigðismála borgarinnar í umboði borgarstjórnar og undir yfirstjórn hennar eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari:

2. gr.

Borgarstjórn kýs 7 menn í heilbrigðismálaráð til fjögurra ára í senn að loknum borgarstjórnarkosningum og jafnmarga til vara. Þá eiga og sæfi í heilbrigðismálaráði borgarstjóri eða fulltrúi, sem hann skipar, og borgarlæknir, en ekki eiga þeir atkvæðisrétt, nema þeir séu sérstaklega í það kjörnir.

Ráðið kýs formann og varaformann úr sínum hópi.